



Fjölbautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

SKRG3BC07
(Skrúðgarðabyggingafræði C)

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson, Snjólaug María Jónsdóttir, Jóhann Böðvar Skúlason
----------	--

Áfangalýsing:

Nemendur læra að leggja kantstein, hlaða, byggja upp tröppur og útbúa tjarnir auk þess að tengja þessi svæði saman við hellulagnir, beð og grassvæði. Farið er sérstaklega yfir aðgengi fyrir alla og algilda hönnun eins og komið er inn á í gildandi byggingareglugerð í tengslum við framkvæmdir á lóð eða öðrum opnum svæðum. Fjallað er um þær reglur og staðla sem gilda um leiksvæði og hvernig staðið skal að uppbyggingu samkvæmt þeim. Farið verður yfir einfalda pallasmiði og tenginu timburpalla við önnur svæði.

Undanfari: SKRG3BB07 (Skrúðgarðabyggingafræði B)

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi góðs aðgengis fyrir fólk með ýmiss konar hömlun, s.s. hreyfihamlaða, sjónskerta, lit- og lesblinda og aðila sem hafa annarskonar skerðingar.
- Helstu efnum, aðferðum og reglum við uppbyggingu kanta, hleðsla og trappa úr steypu efni.
- Samspili hellulagna, kanta, hleðsla og trappa úr steypu efni við græn svæði s.s. beð og grasflatir.
- Meginatriðum ofanvatnslausna og tilgangi þeirra.
- Helstu reglum og stöðlum varðandi uppsetningu og uppbyggingu leiksvæða.
- Notkun vatns í gördum og því efni sem nota þarf í uppbyggingu tjarna og annarra vatnsvirkja.
- Pallasmiði

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Leggja og byggja upp kantsteinslagnir, hleðslur og tröppur úr steypu efni.
- Framkvæma algengustu verkþætti sem bæta aðgengi hreyfihamlaðra s.s. rampa og bílastæði.
- Framkvæma helstu verkþætti við uppbyggingu leiksvæða.
- Framkvæma eftir teikningu blandað svæði með hellulögn annarsvegar og hinsvegar kantstein, hleðslu og/eða tröppum úr steypu efni auk beða og grassvæða.
- Útbúa tjarnir og önnur smærri vatnsvirki s.s. læki, vaðpolla og gosbrunna úr algengustu efnisgerðum með dælu og hringrásarkerfi.
- Smíða einfaldan timburpall.

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja viðeigandi efni til framkvæmda sem hentar í mismunandi verkefni og aðstæður sem metið er með rökstuðningi, frágangi og samskiptahæfni.
- Tengja saman svæði sem munu hafa mismunandi tilgang og eru byggð úr mismunandi efnisgerðum s.s. hellulagnir, kantsteinslagnir, hleðslur, tröppur, þakgarða, beð og grassvæði sem metið er með frágangi, rökstuðningi og samviskusemi.
- Nýta þekkingu sína á reglum um aðgengi til að framkvæma samkvæmt þeim helstu byggingaþætti á lóð s.s. hellulagnir, hleðslur, kanta, tröppur, rampa og annað sem metið er með frágangi, verklagi og rökstuðningi.
- Skipuleggja og byggja upp leiksvæði samkvæmt gildandi reglum um öryggi og aðbúnað á þeim, sem metið er með frágangi, kynningum, rökstuðningi og samskiptahæfni.
- Velja viðeigandi efni og byggja upp tjörn eða annarskonar vatnsvirki með dælu og hringrásarkerfi hvort sem er úr náttúrugrjóti eða forsteyptu efni sem metið er með frágangi, verklagi, verkskipulagi og rökræðum.
- Skipuleggja og framkvæma endurnýjun garða sem metið er með frágangi, útsjónarsemi, kynningum og verkskipulagi.
- Smíða einfaldan timburpall

Námsefni:

Skrúðgarðyrkja, alhliða kennslubók í skruðgarðyrkju eftir Ágústu Erlingsdóttur og Kára Aðalsteinsson. Bókin fæst á kennsluskrifstofunni á Reykjum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags.	Námsefni og viðfangsefni	Kennlu- stundir	Kennari
1	26. ágúst	Kynning á áfanganum og skipulag verklegrar kennslu.	4	HHH
2	5. sept	Upprifjun á byggingareglugerð og áhersla á aðgengismál. Tröppur og skábrautir. Verkefni 1 lagt fyrir.	8	HHH
3	12. sept	Kantsteinar og hleðslur teknar fyrir í bóklegum tíma fyrir hádegi. Verklegt eftir hádegi.	8	HHH

4	19. sept	Allt um leiksvæði. Farið yfir lög, reglugerðir og staðla sem gilda á Íslandi. Verkefni 2 lagt fyrir.	8	SMJ
5	26.sept	Skoðunarferð í Reykjavík að taka út leiksvæði	4	SMJ
6	2.okt	Verklegt í lagningu á kantsteini og hleðslum í verklegum tíma.	8	HHH
7	10.okt	Verkleg verkefni	8	HHH
8	16.okt	Verklegt í tröppum og skábrautum.	8	HHH
8	17.okt	Verklegt í kantsteinum hleðslum og tröppum og byrjað að spá í tjarnargerð.	8	HHH
9	23.okt	Tjarnir og vatn í görðum í bóklegum tíma. Verkefni 3 lagt fyrir.	8	HHH
10	31.okt	Verklegt í tjarnargerð og umhverfi tjarna.	8	HHH
11	6.nóv	Verklegt í tjarnargerð.	8	HHH
11	7.nóv	Ferð að skoða leiksvæði í vinnslu A.t.h. þessi tími getur breyst eftir verkefnastöðu verktaka og veðurfari.	4	HHH
12	13.nóv	Sniðteikningar og byrjum á verkefni 4.	8	HHH

12	14.nóv	Timbur og tréverk. Fyrir hádegi förum við yfir aðalatriðin varðandi vinnu við smíðar á timburpöllum og skjólveggjum í bóklegri yfirferð. Eftir hádegi hefst svo verkleg kennsla.	8	JBS
13	20.nóv	Unnið áfram í pallasmíði og á svæðum sem tengja palla og tjarnir.	8	JBS
13	21.nóv	Verklegur tími með áherslur upphækkuð beð og frágang á þeim.	8	HHH
14	27.nóv	Verklegar æfingar í hellulögnum, kantsteinum og hleðslum.	8	HHH

Sérreglur áfangans:

Skyldumæting er í alla verklega tíma áfangans bæði fyrir staðarnema og fjarnema.

Námsmat:

Verkefni	Vægi
Verkefni 1. Skábrautir og tröppur - Aðgengi	10%
Verkefni 2. Rekstrarskoðun á leiksvæði	10%
Verkefni 3. Tjarnir	10%
Verkefni 4. Sniðteikningar	10%
Bóklegt próf	30%
Verklegt próf	30%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 26. Ágúst 2025